

## FW: Boðun XXXI. landsþings sambandsins

**Til** : alj;kag;Daníel Jakobsson, contact;Marzellíus Sveinbjörnsson  
**Frá** : Gísli Halldór Halldórsson  
**CC** : Þórdís Sif Sigurðardóttir;Hjördís Bráinsdóttir  
**Heiti** : FW: Boðun XXXI. landsþings sambandsins  
**Málsnúmer** : 2017020096  
**Málsaðili** : Samband íslenskra sveitarfélaga  
**Skráð dags** : 27.02.2017 09:07:10  
**Höfundur** : Gísli Halldór Halldórsson

**Viðhengi** [Boðun XXXI. landsþings sambandsins.pdf](#)[Boðun XXXI. landsþings sambandsins.pdf](#)  
[image001.jpg](#)[image001.jpg](#)

**From:** Magnús Karel Hannesson [mailto:magnus@samband.is]  
**Sent:** 25. febrúar 2017 09:14  
**To:** Magnús Karel Hannesson  
**Subject:** Boðun XXXI. landsþings sambandsins

Til allra sveitarstjórna og landshlutasamtaka sveitarfélaga.

Samkvæmt 7. gr. samþykkt Sambands íslenskra sveitarfélaga eru landsþingsfulltrúar sveitarfélaganna, formenn og framkvæmdastjórar landshlutasamtaka sveitarfélaga og framkvæmdastjórar sveitarfélaga, þ.e. sveitar- og bæjarstjórar, hér með boðaðir til XXXI. landsþings sambandsins föstudaginn 24. mars nk.

Landsþingið verður að þessu sinni haldið í Grand hóteli í Reykjavík og hefst það kl. 10 að morgni og stefnt er að því að þingstörfum ljúki um kl. 15:45 síðdegis. Að þinginu loknu hefst aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. á sama stað kl. 16:00, en þar eiga allir sveitarstjórnarmenn seturétt. Að loknum aðalfundi lánasjóðsins býður sjóðurinn til móttöku í Grand hóteli. Til aðalfundar lánasjóðsins hefur verið boðað með sérstöku bréfi frá sjóðnum.

Meginumræðuefni landsþingsins verða þessi:

1. Stefnumörkun sambandsins 2014–2018 – árangursmat.
2. Endurskoðun samþykkt Sambandsins.
3. Efling sveitarstjórnarstigsins.

Umræður um einstaka þætti fara fram á borðum og í almennum umræðum.

Sveitarstjórnir kjósa fulltrúa á landsþing sambandsins að afloknum almennum sveitarstjórnarkosningum til fjögurra ára og gildir kosningin út kjörtímabilið, sbr. 5. gr. samþykkt Sambandsins. Hafi orðið breytingar hjá einstökum sveitarfélögum er þess óskað að ný kjörbréf verði send skrifstofu sambandsins í síðasta lagi 6. mars 2017.

Landsþingsfulltrúar verða boðaðir til þingsins með sérstöku bréfi í mars með dagskrá landsþingsins og gögnum. Þess er óskað að landsþingsfulltrúum verði kynnt efni þessa bréfs. Skráning fer fram á vef sambandsins þegar nær dregur landsþingi.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



---

Karl Björnsson  
[frankvæmdastjóri](#)